Mæld hæð fornra fjörumarka á Vestfjörðum er frá nokkrum metrum upp í meira en 100 m h.y.s. Við nánari skoðun á hæð fjörumarkanna kemur í ljós að þau falla flest á ákveðin hæðarbil, en hæð þeirra er breytileg frá einum hluta svæðisins til annars. Einnig hefur skoðun þessara gagna leitt í ljós að landris á Vestfjörðum stjórnaðist af hörfun jökulskjalda og síðar stakra jökla í þessum landshluta. Við Arnarfjörð eru forn fjörumörk aðallega á þremur hæðarbilum; efstu og jafnframt þau elstu eru yst í firðinum í 64 til 89 m h.y.s., í miðið eru fjörumörk í 40 til 59 m h.y.s. og fara þau eilítið hækkandi inn eftir firðinum. Neðstu og jafnframt yngstu fjörumörkin eru í 9 til 25 m h.y.s., en þau eru í sem næst sömu hæð í öllum firðinum. Með samanburði við skipan og aldur fornra fjörumarka á Suðvesturlandi og við innanverðan Breiðafjörð, má ætla að fjörumörk við Arnarfjörð hafi myndast á Bølling-, Yngra- Dryas- og Preborealtíma.

Legu þessara þriggja fornu fjörumarka er með þeim hætti að þau efstu og elstu (í 64-89 m h.y.s.) eru bara yst í firðinum. Líklega hefur jökull, sem á þeim tíma náði út undir mynni fjarðarins, komið í veg fyrir að svona há fjörumörk mynduðust innar í honum. Fjörumörk í 40-59 m h.y.s., sem eru varðveitt undir fjallshlíðum á milli þverdala Arnarfjarðar, mynduðust á Yngri-Dryastíma, þegar jöklar náðu út úr þessum dölum. Á sama tíma var jökull í innanverðum Borgarfirði og úti í mynni Suðurfjarða. Fjörumörk í 9-25 m h.y.s. eru varðveitt um allan Arnarfjörð og m.a. í mynni þverdalanna, sem þýðir að á Preborealtíma höfðu jöklar hörfað upp í þverdalina og inn fyrir þáverandi sjávarmál. Samanburður við fjölgeisladyptarmælingar Hafrannsóknarstofnunar í Arnarfirði styður þessar ályktanir.

Boron to Chlorinity Ratios in the Arctic: A View from Downstream

Jón Ólafsson¹, Kitack Lee², Sólveig R. Ólafsdóttir³ & Alice Benoit Cattin³

¹ Institute of Earth Sciences, University of Iceland, Reykjavik, Iceland

² School of Environmental Science and Engineering, Pohang University of Science and Technology, Pohang, Republic of Korea,

³ Marine and Freshwater Research Institute, Reykjavík, Iceland.

The element boron, B, is a major constituent of the sea water with a concentration of 0.11 mmol kg⁻¹. The residence time in the ocean is 10 million years and boron is considered conservative; its open ocean concentration changes are only related to salinity variations. This has been verified recently (Lee et al., 2010) where it was also shown that the the new ratio, B/Cl=0.2414, was significantly different from a previously accepted ratio. The difference is significant in carbonate system calculations.

The dissolved boron species in sea water are anions of boric acid which contribute the sea water alkalinity, about 3.4%. Surface sea water alkalinity is generally closely linked to salinity and temperature (Lee et al., 2006). The Arctic Ocean is an exception. There the linear salinity - alkalinity relationship does not hold for the low salinity Polar Water which is in the the southward flowing East Greenland Current (Anderson, Jutterström, Kaltin, Jones, & Björk, 2004).

Ocean currents in the vicinity of Iceland carry Atlantic Water northwards into the Iceland Sea but from the north flows Arctic Intermediate water and the low salinity East Greenland Current. The outflowing waters from the Arctic bear evidence of its origins and biogeochemical processes which may have modified them. The goal of this work is to determine the B/Cl ratio in the different waters that flow into and out off the Arctic. In particular to examine any deviations from the observed B/Cl constancy in other ocean basins.

We will present new results on the B/Cl ratio from 174 samples covering the salinity range S=30.7 to S=35.2 and the depth range surface to 1850 m. The samples were taken in and north of the Denmark Strait (Greenland Strait) and analysed by the improved curcumin method.

Using sedimentary features and microfossils to analyse the Pleistocene palaeoenvironment of the Nihewan Basin, Northern China

Catherine Langford¹, Hailong Zhao², Chengjun Zhang³ & Steffen Mischke¹

¹ Faculty of Earth Sciences, University of Iceland

² Institute of Nihewan Archaeology, Hebei Normal University, China

³ School of Earth Sciences and Key Laboratory of Mineral Resources in Western China, Lanzhou University, China

Important archaeological sites regarding the spread of early humans are situated in the fluvio-lacustrine Pleistocene stratigraphy of the Nihewan Basin. The Nihewan Basin is one of the most intensively studied areas of human occupation in higher latitude areas due to the concentration of early Pleistocene sites. However, for sites without an established geochronology correlation proves difficult, as the nature of the sediments impedes accurate correlation. Using the previously correlated site of Majuangou (MJG) it is hoped that this research will help correlate the newly investigated site Shigou (SG) without the use of prioritising magnetostratigraphy. Nonetheless, previous magnetostratigraphy dating of Majuangou (MJG) suggests a basal age of 1.66 Ma, whilst biostratigraphy suggests a slightly earlier age between 2-1.8 Ma.

The micropalaeontological analysis revealed 13 different ostracod species that occur within both MJG and SG. The ostracod *Ilyocypris* dominates the MJG section, whilst SG is dominated by *Leucocythere/Limnocythere*. However, taxa including *Heterocypris*, *Eucypris*, *Fabaformiscandona*, *Pseudocandona* and *Cytherissa lacustris*, occur within both sections, suggesting that there is an environmental relationship between the two sites. Microfossil and macrofossil data have also allowed for a more accurate palaeoenvironmental reconstruction. Results suggest that the palaeoenvironment was changeable. The ostracod analysis and results confirm that the studied sites were part of a semi-stable aqueous environment.

Detailed sedimentary analyses include systematic lithological descriptions of both sites. Asymmetrical ripple marks and cross bedding in both certain sections of MJG and SG provide evidence of unidirectional flow. In contrast, symmetrical ripple marks (in both MJG and SG) and one section of wavy concordant layers in MJG provide evidence of wave action. Both MJG and SG show evidence of drying and flooding events, including carbonate concretions, erosional surfaces, and thick sand bands including gravels. The sedimentological evidence suggests that MJG was relatively stable, with one period of almost total desiccation, whilst SG had several cyclical periods of drying and flooding throughout the section history. Preliminary results show that there is the possibility of correlating MJG and SG using their sedimentary features. However, further research will be required to determine the validity of this hypothesis.

Sitthvað um segulmælingar á erlendu og íslensku bergi

Leó Kristjánsson

Jarðvísindastofnun Háskólans, Öskju, Sturlugötu 7, 101 Reykjavík

Blágrýtis-hraunlagasyrpur Íslands hafa sérstöðu við rannsóknir á forn-jarðsegulsviðinu (paleo-geomagnetism). Annarsvegur eru tiltölulega fersk blágrýtishraun mjög góður efniviður til slíkra rannsókna. Þau gefa niðurstöður sem eru samkvæmar innbyrðis og endurspegla sviðið þegar þau runnu, án þess að dýran tækjabúnað og seinlegar mælingar þurfi til. Hinsvegur hafa þessar syrpur myndast nokkuð samfelt í um sextán milljón ár. Svipaðar syrpur sem einkum finnast á öðrum úthafseyjum, ná hver um sig yfir mun skemmri tíma. Hér verða útskýrð nokkur atriði þar sem rannsóknir á segulmagni erlendra jarðlaga hafa gefið annarskonar niðurstöður en fengust á Íslandi, eða þar verið tortryggilegar að öðru leyti.

- *Self-reversals*. Á 6. áratug fyrri aldar var orðið ljóst, að berg var víða segulmagnað í nokkurnveginn öfuga átt við núverandi jarðsegulsvið. Sumir töldu þetta stafa af "öfugri" segulmögnun jarnsteindanna. Það reyndist þó sjaldgæft og kom ekki saman við gögn héðan.

- *Geomagnetic polarity time scale*. J.R. Heirzler o.fl. birtu 1968 skema um það hvenær jarðsegulsviðið átti að hafa snúist við síðustu tugi ármilljóna. Þetta var háð mörgum ágizkunum um byggingu úthafshryggja. Kortlagning íslenskra hrauna sýndi um sama leyti, að fyrnefnt skema væri ófullnægjandi. Ýmsir litu þó lengi á það sem nákvæman sannleik og gerðu m.a. allslags útreikninga á því. Síðan hefur skemað verið endurbætt, en ekki nægilega.

- *Size of surveys*. Víða í heiminum eru ekki aðstæður til að safna sýnum úr meira en svo sem 10-20 berg-einingum á sama svæði. Sammælt var um að sá fjöldi dygði til útreikninga á marktækri meðal-segulstefnu þar, sem mætti svo byggja líkön af sviðinu á. Til að þessi meðalstefna virtist nákvæmari en ella, var gögnum úr lögum, sem gáfu jarðsegulskaut á lágum breiddargráðum, sleppt í útreikningum. Nú er byrjað að viðurkenna það sjónarmið sem samræmist íslenskum niðurstöðum, að bæði meðalgildi segulstefnunnar og flökt hennar þurfi að reikna úr a.m.k. 200 lögum. Þá séu tekin með þau lög sem traustlega sýna fráviks-stefnur, en reynt að sigta burt augljósar endurtekningar sem stafa af hraðri upphleðslu hraunanna.

- *Preferred paths*. Um 1991 var staðhæft, að jarðsegulskautið kysi að ferðast milli heimskautanna eftir vissum lengdarbaugum frekar en öðrum. Þetta vakti mikla athygli og umræðu um tengsl fyrirbrigðisins við ýmsa eiginleika jarðar. Ekki varð vart við slíka tilhneigingu í gögnum úr íslenskum hraunlögum, og hún stafaði líklega af lélegum efniviði.

- *Ultra-rapid reversals*. Árið 1985 var því slegið fram, að stefna jarðsegulsviðsins hafi breytst um marga tugi gráða á meðan tiltekið þunnt hraunlag í syrpu frá Míósen á fjalli í Oregon hafi verið að kólna. Það þótti merk uppgötvun, og birtust nokkrar ítarlegar greinar henni til staðfestingar. Aldrei hefur fundist neitt sambærilegt í íslensku bergi. Uppgötvunin var svo loks dregin til baka 2010, og ummyndun í hraunlaginu kennt um.

- *Paleo-intensity*. Ástandi mála við túlkun upphitunar-tilrauna á gosbergi til að meta styrk fornsegulsviðsins var lýst í erindi á vor-ráðstefnu JFÍ 2013. Það ástand er enn svipað.

Náttúruvá og loftslagsbreytingar í jarðsögulegu ljósi

Lúðvík E. Gústafsson

Otrateigur 18, 105 Reykjavík

Í gegnum jarðsöguna hafa loftslagsbreytingar valdið lífríkinu stórkostlegum skaða, sérstaklega eftir að sprenging varð í fjölfrumulífi fyrir um 550 til 600 milljónum ára. Áður hafði aukning súrefnis í hafi og svo í gufuhvolfi valdið því að margir einfrumungar dóu út eða neyddust til að halda sig framvegis í súrefnislitlum eða -lausum afkimum yfirborðs jarðar. Náttúruvá er því þekkt fyrirbæri úr sögu lífsins á Jörðinni.

Steingervingar lífvera hafa fyrst varðveist í jarðlögum í einhverju magni eftir að fjölfrumungum fór að fjölga á tiltölulega stuttum tíma eftir ofangreinda “lífssprengingu”. Jarðsögunni var því hægt að skipta eftir tegundum og tilvist steingervinga í lífaldir og tímabil. Fornlífsöldin hófst með Kambríumtímabilinu fyrir um 542 milljónum ára. Stundum urðu umskiptin í lífríkinu svo áberandi í jarðlögum að ákveðið var að láta nýja líföld hefjast. Það gerðist tvisvar, first fyrir um 250 milljónum ára, þegar nær allar þekktar tegundir lífverur hurfu, og svo aftur fyrir um 66 milljónum ára þegar t.d. langflestar risaeðlutegundir hurfu (nema fuglarnir) svo og allir ammónítar. Lengi var talið að breytingar á sjávarstöðu eða myndun fellingafjalla væri orsök fyrir útdauða tegunda, atburðir sem taka milljónir ára. Það var ekki fyrr en með sífellt nákvæmari aldursákvörðunum á síðustu 40 árum að ljóst varð á hve stuttum tíma steingervingar hurfu úr jarðlögum. Þessar aldursákvörðanir og efnagreiningar í sömu jarðlögum bentu til annarra orsaka fyrir hvarf lífvera. Það mældust snöggar loftslagsbreytingar, efni í gufuhvolfi og í sjónum jukust eða minnkuðu skyndilega og hitastig hækkaði eða lækkaði samtímis.

Tvær afdrifaríkustu breytingar í lífríkinu urðu á mörkum fornlífs- og miðlífsaldar annars vegar, milli Perm og Trías tímabila fyrir um 252 milljónum ára, og hins vegar á mörkum miðlífs- og nýlífsaldar fyrir um 66 milljónum ára, á milli Krítar og Paleogentímabila. Meginorsökin í fyrra tilfelli er í dag rakin til mikilla jarðelda, basaltkvikugosa í Síberíu. Auk hrauna sem streymdu á yfirborð jarðar losnaði gríðarlegt magn af koldíoxíði (CO₂) í gufuhvolfið, með tilheyrandi hækkun hitastigs (5-10°C) í gufuhvolfi og stuttu seinna í hafi. Til viðbótar kom til súrnunar og súrefnisleysis í sjónum sem margar lífverur þoldu ekki. Hugsanlega hefur fall loftsteins eða halastjörnu á sama tíma magnað áhrifin.

Svo gerðist það fyrir um 66 milljónum ára að svipuð basaltgos og forðum í Síberíu voru í gangi á Indlandssvæðinu. Á sama tíma rakst einn stærsti loftsteinn síðustu 1000 milljóna ára á jörðina, 10 til 15 km í þvermáli, nánar tiltekið á Yukatanskaga í Mexíkó (Chicxulub). Báðir atburðir, eldgosin og loftsteinninn, eru taldir hafa valdið áður óþekktri náttúruvá með útdauða margra tegunda lífvera. Aftur er koldíoxíð eitt af höfuðefnum sem kemur útdauðahrinu af stað með mikilli hækkun hita í gufuhvolfinu og höfunum þar sem pH stig lækkaði mikið og súrefnisleysi gerði vart við sig, til viðbótar við allt umrótíð sem fall loftsteinsins skapaði.

Á síðustu tvö hundruð árum hefur koldíoxíð í andrúmslofti aukist meira en á síðustu 800.000 árum. Nú er meginorsökin rakin til losunar efnisins úr bruna jarðefnaeldsneytis, kola, olíu og jarðgass, síðan iðnbyltingin hófst. Það stefnir að óbreyttu að ástandi sem þekkist úr jarðsögunni og er ekki hægt að lýsa nema sem náttúruvá, eða eins og vísindablaðamaðurinn Peter Brannen hefur orðað það: „*But our current experiment – quickly injecting huge amounts of carbon dioxide into the atmosphere – has in fact been run many times before in the geological past and it never ends well.*“

Vorráðstefna Jarðfræðafélags Íslands
8. mars 2019

Heimildir:

- Brannen, P. 2017: *The Ends of the Earth: Volcanic Apocalypses, Lethal Oceans, and Our Quest to Understand Earth's Past Mass Extinctions*. Harper Collins, 336 bls.
- Yadong Sun et al. 2012: Lethally Hot Temperatures During the Early Triassic Greenhouse. *Science* **338**, 366. DOI: 10.1126/science.1224126.
- Joachimski, Michael M., et al. 2015: Climate warming in the latest Permian and the Permian–Triassic mass extinction. *Geology*. DOI: 10.1130/G32707.1
- Richards, Mark A., et al. 2015: Triggering of the largest Deccan eruptions by the Chicxulub impact. *Geological Society of America Bulletin*. doi:10.1130/B31167.1.
- Schulte, Peter, et al. 2010: The Chicxulub Asteroid Impact and Mass Extinction at the Cretaceous-Paleogene Boundary. *Science* **327**, doi:10.1126/science.1177265.

Skorpubráð og jarðhitakerfi Kröflu

Olgeir Sigmarsson

Jarðvísindastofnun Háskóla Íslands, 101 Reykjavík
Laboratoire Magmas et Volcans, Université Clermont Auvergne, France

Ekki er langt síðan borað var í kísilríka kviku, rhyólít, í megineldstöð Kröflu (IDDP-1). Hugmyndir eru uppi um að endurtaka leikinn meðal annars til að kanna umhverfi kvikunnar og eðli jarðhitans. Lítið sem ekkert er vitað um tilvist og dreifingu rhyólíts í skorpunni en borholugögn sýna allnokkuð af storknuðum granófýrinnskotum af óþekktum aldri. Í Kröflueldum kom ekkert af kísilríkri kviku upp til yfirborðs og aðeins mjög lítið í Vítissprengingunni í upphafi Mývatnselda. Þar á undan, eða fyrir 52 þúsundum ára (K-Ar með Cassignol aðferðinni; Magonthier et al., 1992), myndaðist rhyólítið í Hrafninnuhrygg, hugsanlega á sprungum tengdum öskjumynduninni, og jafnvel enn fyrr, kísilríkar dómur við jaðar öskjunnar (Hlíðarfjall, Krafla o.s.frv.). Háhitinn a.m.k. í Hveragili kann að vera tengdur staðsetningu og myndun rhyólíts í skorpunni. Skorpubráð sem rís og myndar innskot kann að færa hita að neðan og inn í jarðhitakerfið.

Aðalefnasamsetning rhyólíts frá Kröflu er mjög einsleit og fellur nálægt lágmarks hitastigi kvars-feldspats jafnvægis við lágan þrýsing á fasamynd Qz-Ab-Or („Petrogeny's Residua System“) sem er einkennandi fyrir alla skorpubráð. Lág samsætuhlutföll súrefnis (O) og þóríums (Th) benda til uppbræðslu á myndbreyttri basaltskorpu. Hrafninnan úr IDDP-1 holunni hefur aftur á móti gjörólíkt $^{230}\text{Th}/^{232}\text{Th}$ (0.97 ± 0.007 ; 2s) því sem mælist í gleri Hrafninnuhryggs (1.019 ± 0.010 ; 2s; gosgildi fyrir 52 þ.ára: 1.09) en hið sama $^{230}\text{Th}/^{232}\text{Th}$ og mælist í ljósum vikurmolum Vítis (0.955 ± 0.007 ; 2s). Því má ætla að IDDP-1 kvikan sé hluti af rhyólítinu sem gaus í Víti enda borholan ekki langt frá sprengigígnum. Athyglisvert er að hvorug kvikan komst upp af sjálfsdádum, sú eldri þurfti basaltinnskot en sú síðari borun og skolunarvatn. Útbreiðsla rhyólítsins virðist því takmörkuð; alltént er Hrafninnuhryggur myndaður við gos á ólíkri skorpubráð (með mismunandi Th samsætuhlutföll) fyrir um 52 þ. ára.

Skorpubráðin sem reis upp í gegnum jarðhitakerfið og gaus undir jökli og myndaði Hrafninnuhrygg hefur líklega haft áhrif á jarðhitakerfið. Geislavirkt ójafnvægi hefur verið kannað í borholusvarfi úr holum í nánd við Hveragil. Ójafnvægi mælist á milli flestra efna í ^{238}U keðjunni ($^{238}\text{U} \neq ^{234}\text{U} \neq ^{230}\text{Th} \neq ^{226}\text{Ra}$). Jarðalkalímálmurinn Ra leysist út úr berginu neðan 2000 m en sest til í ummyndunarsteindum ofan 1000 m. Eldri sögu má lesa úr hlutföllum ($^{234}\text{U}/^{230}\text{Th}$) þar sem oxað úraníum leysist auðveldlega upp í jarðhitavökva ólíkt þóríum. Borholusvarfið myndar jafnaldurslínu á grafi ($^{230}\text{Th}/^{232}\text{Th}$) sem fall af ($^{234}\text{U}/^{232}\text{Th}$) og reiknaður aldur er 75 ± 25 þ. ár sem samsvarar aldri Hrafninnuhryggs. Ef rétt reynist þá kann helsti orkugjafi jarðhitakerfisins að vera tilfærsla á hita með skorpubráð að neðan. Hugmynd þessa mætti sannreyna með frekari mælingum á jarðhitaummynduðu bergi Kröflu og ekki síst aldursákvörðunum á granófýrinnskotunum.

Hlutfögösun Holuhrauns?

Olgeir Sigmarsson^{1,2}, Séverine Moune² & Pierre-Jean Gauthier²

¹ Jarðvísindastofnun Háskóla Íslands, 101 Reykjavík, Iceland

² Laboratoire Magmas et Volcans, Université Clermont Auvergne, CNRS, Campus Universitaire des Cézeaux, 63178 Aubière, France

Leysanleiki rokkgjarnra efna í kviku ræðst af samsetningu hennar, þrýstingi og hitastigi og stjórnar hann afgösun þeirra í virkum eldfjöllum. Almennt eykst hlutfallslegur leysanleiki helstu efnasambanda í eldfjallagasi í basalti frá CO₂, H₂O, S, Cl til F. Fyrstu þrjú samböndin mynda gasfasa bæði fyrir og í gosum en síðustu tvö aðeins í og eftir gos. Gassýnum var safnað í byrjun október 2014 þegar gasmökkurinn féll niður með jörðu og úr aðalgígnum í byrjun mars 2015, örfáum dögum eftir að gosi lauk. Samanburður beggja sýnanna staðfestir afgösunarröð helstu rokgjörnu efnanna. Gosið í Holuhrauni einkenndist af mikilli kvikuframleiðni og umtalsverðu eldfjallagasi eða allt að 10 Tg af SO₂. Aðalkvikuafgösunin einkenndist af háu S/Cl, óendanlega háu S/F vegna lágs styrks flúors í gasmekkinum og umtalsverðri afgösun á snefilefnamálmum og -málmleysingjum (Gauthier et al., 2016; Gíslason et al., 2015), sem hafði umtalsverð umhverfisáhrif (Ilyinskaya et al., 2017; Stefánsson et al., 2017). Engu að síður mældist allnokkuð magn flúors í snjó sem féll umhverfis hraunið, og það þrátt fyrir lágan styrk þess í aðalgasfasanum.

Gas sem steig upp um sprungur í aðalgígnum skömmu eftir goslok einkennist af eftirfarandi styrk helstu gastegundanna SO₂, HCl og HF: 98-327(mg/m³), 55-107 (mg/m³) og 28-49 (mg/m³). Einkennandi eru mun lægri hlutföll S/Cl (1.4 ± 0.4), Cl/F (2.0 ± 0.2) og því hátt hlutfall F/S (0.4 ± 0.1) miðað við aðalgasfasann í október 2014 (eða 46 ± 8, 11 ± 5 og ~0). Lágt þungahlutfall S/Cl (0.9-1.6) skýrist af fjórfaldri minnkun á brennisteinsafgösun og sjöfaldri aukningu afgösun á klóri miðað við aðalgasfasann. Hátt hlutfall F/Cl bendir til að 50 sinnum meira flúor hafi leysts úr læðingi eftir að gosi lauk. Storknun og afgösun hraunsins skýrir því hið háa gildi F í snjó og ám sem runnu ofan af hálendinu. Hraunsamsetning reyndist hin sama allt gosið en afgösun tengd storknun þess kann að tengjast innri kvikuþróun þegar þurrar steindir kristallast og afgangsvökvinn mettast m.t.t. síðustu rokgjörnu efnanna. Við það myndast lokagasfasinn sem rekur afgangsbíð upp að hraunskorpunni og myndar s.k. aðskilnaðaræðar („segregation veins“) um leið og síðustu rokgjörnu efnin mynda móðu á yfirborði hraunsins. Myndun síðasta gasfasans kann því að tengjast breyttri kvikusamsetningu innan hraunsins við storknun síðasta vökvans og þar með breytilegum uppleysanleika t.d. Cl og F í lokabráðinni. Annar möguleiki er að afgösun Holuhrauns sé dæmi um hlutfögösun („fractional degassing“) sem skýra má með Rayleigh eimingarferli þar sem uppleysanlegustu rokgjörnu efnin afgangast aðeins síðast í eldgosinu.

Seismic relocations and stress evolution in Ölfus

Revathy M. Parameswaran¹, Ingi Th. Bjarnason¹ & Bergþóra S. Þorbjarnardóttir¹

¹Institute of Earth Sciences, University of Iceland, Reykjavik

The South Iceland Seismic Zone (SISZ) is a part of the Hengill triple junction in southwest Iceland. The SISZ is an E-W transform zone, between the diverging plate boundary of the Mid-Atlantic Ridge (MAR) and the currently most active on-land segment, the Eastern Volcanic Zone (EVZ). However, a spreading segment parallel to the EVZ, the Western Volcanic Zone (WVZ), seems to have been rather inactive over centuries and more. The ~80-km-long E-W feature displays a cumulative left-lateral motion while the numerous N-S faults that cut across the belt show right-lateral faulting. Earthquake swarms in the Hengill area have shown an interactive pattern with the Ölfus region, the western part of the SISZ, which lies south of Hengill central volcano, the southern part of the WVZ. One of the most recent and well-instrumented instances of this interaction was following the ~M5 earthquake in Hengill in June 1998, when a ~15-km-long N-S swarm of earthquakes extended south towards the E-W Ölfus zone. The seismicity in Ölfus displays an ~E-W trend coherent with the trend of the SISZ. However, seismic data suggests the existence of smaller N-S striking faults that stitch across the main E-W trending transform. This setting is ideal for the study of tectonic and geodynamic interaction of an active volcano with its neighbouring regions. This is facilitated by a wealth of seismic data recorded by the South Iceland Lowlands (SIL) network, managed and operated by the Icelandic Meteorological Office (IMO). The first leg of this study uses SIL data from 1991-1999 to constrain earthquake locations within the Ölfus belt. The study applies the double-difference (DD) relative location method formulated by Waldhauser and Ellsworth (2000). The relocated earthquakes are employed to identify temporal and spatial trends that mirror or follow the seismic activity in the Hengill region and to understand a transform zone in a nascent state of development. The second part this study is to examine stress changes in Ölfus between 1991-1999, and compare these changes to the stress state of Hengill within the same time-window. The Ölfus dataset is divided into multiple temporal windows based on the growth of swarm activity. The events within each time zone are relatively relocated with the DD method. These spatially constrained earthquakes are then used to divide the area into grids depending on spatial trends in seismicity. The focal mechanisms of these events are further used to compute the principal stresses prevalent over each time window. A corresponding stress inversion is carried out for events (raw data) in Hengill from 1991-1999, within identical time-windows. The stress inversions are computed following the routines formulated by Martínez-Garzón et al. (2014) and references therein. The results indicate that Ölfus transformed from a partly normal/oblique faulting regime to a purely strike-slip faulting region leading up to the 1998 Hengill earthquake. This corresponds to visible changes in stress in the Hengill volcanic zone, while the area immediately east of Hengill continually exhibits strike-slip faulting.

Mapping of fractures within the southernmost part of the Krísuvík fissure swarm, SW-Iceland

Páll Einarsson, Ásta Rut Hjartardóttir and students of the courses Tectonics and Current Crustal Movements in the Faculty of Earth Sciences, University of Iceland 2018*

Institute of Earth Sciences, Sturlugata 7, 101 Reykjavík

Field exercises are conducted every year in the courses Tectonics and Current Crustal Movements at the University of Iceland. The purpose is to train students in field work, expand their experience with fault structures and evidence of crustal movements under field conditions. The field exercise in Current Crustal Movements in 2018 was conducted within the southernmost ~ 5 km of the Krísuvík fissure swarm, one of the active swarms of the Reykjanes Peninsula Oblique Rift, a part of the boundary between the North America Plate and the Eurasia Plate.

The objectives are twofold: 1) To gather information for a surface fracture map and give an overview of the different styles of faulting within the fissure swarm, and 2) to gather data on fault throw on as many faults as possible in this area. Numerous transects across faults were measured by carrying a GPS-receiver across the faults.

The mapped fractures and faults were located in formations of different ages, both hyaloclastites and postglacial lava flows. The southernmost part of the Krísuvík fissure swarm is located in the ~2000 years old Katlahraun lava (Sæmundsson et al., 2010), which is significantly fractured, despite its young age. There, the vertical offset of the faults is generally less than 0.5 m. The fracture offsets increase northwards, at least partly due to their locations in older formations. As an example, an ~3 km long westwards-dipping fault in Stóri-Hamradalur has a vertical offset ranging from ~10 m in the southern part of the fault, to up to 20-25 m in the northern part. Other mapped faults in the northern part of the study area had offsets ranging between ~0.5 m and ~13 m. In the southernmost part, all the faults have a downward throw towards the west, and appear to delineate the eastern boundary of a ~1 km wide graben, formed during the same dike intrusion that formed the lava, and older dike intrusions.

*Andrea Bergþórsdóttir, Cathy Gonggrijp, Daniël Sonneveld, Diego Alberto Badilla Elizondo, Elin Johanna Eriksson, Elliot Bruce Patterson, Emilie Lemaire, Felix Kießlinger, Gabriel Galant Rodriguez, Genevieve Nadeau Bonin, Hakan Keith Hazzard, Ingibjörg Þórðardóttir, Jakub Jablonski, Janne Marie Scheffler, Julia Oosterwijk, Léna Rozanne Monnereau, Linus Hüne, Magdalena Baranowska, Maxime Bastien Perrin, Niclas Einert, Nicolas Levillayer, Tania Beate Thomsen, Teresa Martinez Perez

Reference:

Sæmundsson, K., Jóhannesson, H., Hjartarson, Á., Kristinsson, S.G. and Sigurgeirsson, M.Á., 2010. Geological Map of Southwest Iceland. Iceland Geosurvey.

Skönnuð skjálftarit 1910-2010 á vefsíðu

Páll Einarsson & Sigurður Jakobsson

Jarðvísindastofnun Háskólans, Sturlugötu 7, 101 Reykjavík

Opnuð hefur verið ný vefsíða, <https://seismis.hi.is>, þar sem finna má skjálftarit frá skjálftamælum á Íslandi á tímabilinu 1910-2010 og önnur gögn um jarðskjálfta frá sama tíma. Fyrsti jarðskjálftamælir var settur upp á Íslandi 1910 á vegum alþjóðlegra samtaka skjálftafræðinga. Þegar Veðurstofan tók til starfa voru skjálftamælingar eitt af verkefnum hennar. Mælar voru fáir og fjölgaði hægt fyrstu áratugina, en á áttunda og níunda áratug síðustu aldar fjölgaði þeim ört og fleiri stofnanir komu að mælingunum. Gögnin voru skráð á pappír og safnaðist mikið af slíkum skjálftaritum, þar til tölvur tóku við sem skráningartæki upp úr 1990. Síðan 2010 hafa allar skjálftamælingar verið tölvuskráðar. Gamla skjálftaritasafnið er að mestu til í söfnum en er illa aðgengilegt til rannsókna. Lauslega áætlað telur það um 300 000 pappírslit. Þar eru frumgögn um skjálftavirkni á Íslandi í heila öld. Hrint hefur verið af stað viðamiklu, fjögurra ára verkefni að skanna skjálftaritin og gera safnið aðgengilegt á vefnum. Tilgangur verkefnisins er tvíþættur: að varðveita gögnin og að gera þau aðgengileg til rannsókna á hræringum jarðskorpunnar á Íslandi. Þegar er búið að skanna um 80 000 lit. Þó verkinu sé hvergi nærri lokið, miðar því vel og því er tímabært að opna aðgang að afrakstrinum fram til þessa. Að verkefninu standa helstu stofnanir sem komið hafa að söfnun gagnanna í gegnum tíðina, Háskóli Íslands, Raunvísindastofnun Háskólans, Veðurstofa Íslands, Landsvirkjun, Orkuveita Reykjavíkur, Viðlagatrygging og Þjóðskjalasafn Íslands. Innviðasjóður Rannís styrkir verkefnið.

New historical lava flow map for Hekla volcano, South Iceland

G.B.M. Pedersen^{1,2}, Jorge Montalvo¹, Páll Einarsson¹, O. K. Vilmundar-dóttir³, F. S. Sigurmundsson³, J. M. C. Belart^{1,4}, Ásta Rut Hjartardóttir¹, F. Kizel^{5,6}, Rose Rustowicz^{1,7}, N. Falco⁸, G. Gísladóttir^{1,2,3} & J.A. Benediktsson⁵

¹ Institute of Earth Sciences, University of Iceland, Reykjavík, Iceland

² Nordic Volcanological Center, University of Iceland, Reykjavík, Iceland

³ Institute of Life and Environmental Sciences, University of Iceland, Reykjavík, Iceland

⁴ Laboratoire d'Etudes en Géophysique et Océanographie Spatiales, Centre National de la Recherche Scientifique (LEGOS–CNRS), Université de Toulouse, Toulouse, France

⁵ Faculty of Electrical and Computer Engineering, University of Iceland, Reykjavík, Iceland

⁶ Department of Mapping and Geo-Information Engineering, Technion-Israel Institute of Technology, Haifa, Israel

⁷ Department of Electrical Engineering, Stanford University, California, USA

⁸ Lawrence Berkeley National Laboratory, California, USA

Hekla volcano is known to have erupted at least 23 times in historical time (last 1100 years); often producing mixed eruptions of tephra and lava. The lava flow volumes from the 20th century have amounted 80% to almost 100% of the entire erupted volume (Pedersen et al., 2018a). Therefore, evaluating the extent and volume of individual lava flows is very important when assessing the historical productivity of Hekla volcano.

Here we present new maps of the historical lava flow fields at Hekla (Fig. 1) in a digital format which can be accessed from <https://emmirs.svarmi.is/map> (Pedersen et al. 2018b). The maps were produced at a scale of 1:2000–10000 using a catalogue of orthophotos since 1945, acquired before and after each of the last five eruptions, combined with field observation of stratigraphy, soil profiles, tephra layers and vegetation cover. The new lava flow maps significantly improve the historical eruptive history of Hekla, prior to the 1947 eruption. The historical lava flow fields from Hekla cover 233 km² and the lavas reach up to 16 km from Hekla volcano. Flow lengths up to 20 km are known, though lava flows only travelled up to 8–9 km from Hekla in the last 250 years. Identified historical vents are distributed between 0 and 16 km from Hekla volcano and vents are known to have migrated up to 5 km away from Hekla during eruptions. Repeated eruptions outside of Hekla are mostly confined to two areas. One area lies 4–8 km SSW of Hekla and another area is 2–5 km NNE of Hekla.

We have remapped the lava flow fields around Hekla and assigned the identified flow fields to 16 eruptions. In addition, ca. 60 unidentified lava units, which may be of historical age, have been mapped. It is expected that some of these units are from known historical Hekla eruptions such as the 1222, 1341, 1510, 1597, 1636 and potentially even from the previously excluded eruptions such as 1436/1439.

Pedersen et al. (2018a) Hekla volcano, Iceland, in the 20th century: Lava volumes, magma supply and effusion rates, GRL, doi: 10.1002/2017GL076887.

Pedersen et al. (2018b) Historical lava flow fields at Hekla volcano, South Iceland. Jökull.




Figure 1. Map of historical lava flow fields as they are exposed after the 2000 eruption. Historical lava fields of unknown age are marked with X. Background shows hillshade from smoothed lidar DEM, with gaps filled with TDX DEM.

Chlorine isotope systematics in silicic rocks: Lessons from Iceland

Eemu Ranta¹, Sæmundur A. Halldórsson¹, Jaime D. Barnes² & Kristján Jónasson³

¹Nordic Volcanological Center, Institute of Earth Sciences, University of Iceland

²Department of Geological Sciences, University of Texas, Austin, USA

³Icelandic Institute of Natural History

Stable chlorine isotope ratios (reported as $\delta^{37}\text{Cl}$) can be used as a tracer of volatile sources in basalts. In a recent study, Halldórsson et al. (2016) showed that the $\delta^{37}\text{Cl}$ variability in primitive Icelandic basalts is controlled by mantle heterogeneity introduced by a component of recycled oceanic crust in the Iceland mantle plume. However, the $\delta^{37}\text{Cl}$ values of three rhyolitic samples included in that study range from -1.6 to +0.9 ‰, superseding the range of $\delta^{37}\text{Cl}$ values found in the basalts. This puzzling discovery highlights the limited $\delta^{37}\text{Cl}$ data available for silicic rocks in general, which are often assumed to inherit the $\delta^{37}\text{Cl}$ signatures of their parental melts. The aim of this on-going study is to explore the chlorine isotope systematics in silicic volcanic rocks. We present new $\delta^{37}\text{Cl}$ and $\delta^{18}\text{O}$ data in a sample set that spans rhyolites and corresponding intermediate rocks and basalts from rift, flank and off-rift settings in Iceland.

We find that the $\delta^{37}\text{Cl}$ values of Icelandic rhyolites span a large range of -2.0 to +1.0 ‰ and are generally shifted towards more negative values by up to -2.8 ‰ compared to basalts from the same magma suites. Similar negative shifts are seen for both obsidians and tephras and in volcanic systems from all crustal regimes. We show that the negative $\delta^{37}\text{Cl}$ shifts can not be explained by simple equilibrium degassing or fractional crystallization models, which lead to a maximum $\delta^{37}\text{Cl}$ shift of -0.5 ‰. Furthermore, a lack of general correlation of $\delta^{37}\text{Cl}$ with either $\delta^{18}\text{O}$ or chlorine concentrations indicates that crustal assimilation is not the cause of these negative shifts. At present, the reason for the observed large isotopic fractionations in silicic rocks remains enigmatic.

Our initial results caution against the use of $\delta^{37}\text{Cl}$ in silicic rocks as a source proxy. Instead, the results emphasize that negative $\delta^{37}\text{Cl}$ shifts seem to be an inherent part of rhyolite genesis and appear to be independent of eruption type (effusive or explosive), crustal regime (rift, flank, off-rift), degassing or fractional crystallization.

Reference:

Halldórsson SA, Barnes JD, Stefánsson A, Hilton DR, Hauri EH, Marshall EW (2016) Subducted lithosphere controls halogen enrichments in the Iceland mantle plume source. *Geology* 44:8

Mantle heterogeneity in a tilted Icelandic plume - what we can learn from trace elements in olivine

M. B. Rasmussen^{*1}, S. A. Halldórsson¹, S. A. Gibson² & G. H. Guðfinnsson¹

¹ Nordic Volcanological Center, University of Iceland, Reykjavik, Iceland (*maja@hi.is)

² University of Cambridge, Cambridge, UK

Basalts found in individual rift and off-rift systems in Iceland have unique isotopic and geochemical characteristics, which appear to reflect geographically distinct source regions beneath the island. This effect is possibly related to a zoned mantle plume with a change in the dominant melting source lithology between rift and off-rift volcanism (e.g., Kokfelt et al., 2006). High-Fo# (high Mg to Fe ratio) olivine is usually the first mineral to precipitate out of a mantle-derived melt, which makes it an ideal proxy for primary melt and source composition. Because of this, many studies have turned to primitive magmatic olivine when addressing the issue of mantle geochemistry in the source of oceanic basalts (e.g., Sobolev et al., 2007; Herzberg et al., 2016; Thirlwall et al., 2006). These studies, however, suffer from a lack of extensive regional coverage in Iceland, so the spatial and temporal resolution is very restricted.

Previous experiments (e.g., Yaxley and Green 1998) have shown that silicate-rich melts derived from melting of a subducted oceanic slab could react with peridotite at depth, generating a pyroxenitic lithology. As this lithology is more fusible than normal MORB-like peridotite, it would melt deeper in the mantle. Based on these results and olivine data from Hawaii, Sobolev et al. (2005; 2007) recommended the use of minor element concentrations in olivine to trace the recycling of subducted slabs in the source of ocean island basalts (OIB). They suggested that olivine precipitated out of pyroxenite-derived melts would have lower Mn and higher Ni concentrations than what would be the case for dominantly peridotitic-derived melts, and that these melts were best sampled at OIB locations with a thick lithosphere such as Hawaii.

We will investigate the source heterogeneity in the Icelandic mantle by studying 52 sets of olivine crystals found in basalts covering the neo-volcanic rift and flank zones as well as older Tertiary crust, in which we couple major and trace elements using high-precision *in-situ* methods. Most samples have previously been analysed for ³He/⁴He which ranges from 6.7 to 47.8 RA, the largest span reported for any oceanic island (Harðardóttir et al., 2018).

Our analysed olivine grains range in Fo# between 79.9 to 91.8 with limited intra-grain variability and they appear to cluster according to regional or spatial constraints. Trace element ratios measured in these olivine crystals (e.g., **Fig. 1**) suggest a mainly peridotitic, or MORB-like mantle source dominating the melt generation in the rift-related volcanic regions (WRZ, ERZ and NRZ), Örfajökull (ÖVZ) and Snæfellsness (SNS), while a greater pyroxenitic signal, or Hawaiian-like chemical trait, is captured in olivine crystals from South Iceland (SIVZ), which represents a propagating rift zone. The Tertiary sample collection appears to represent a link between the two groups.




Fig. 2 Trace element ratio and $^3\text{He}/^4\text{He}$ variations in Icelandic olivine. $^3\text{He}/^4\text{He}$ data is from Harðardóttir et al., 2018. Figure from Rasmussen *et al.* (in prep.)

By combining these chemical tracers capable of tracing the presence of recycled crust in the Icelandic plume with previously published $^3\text{He}/^4\text{He}$ ratios, we see that greater dominance of pyroxenitic-derived melts, as seen in olivine from SIVZ (low Mn/Zn, high Ga/Sc), is linked to an incorporation of a high $^3\text{He}/^4\text{He}$ component (**Fig. 1**). However, this component is also visible to various degrees in regions with dominantly peridotitic-derived melts, such as ERZ, suggesting a lithological bimodal plume source. These results are best explained by the Icelandic plume being tilted towards the North with central Iceland sampling the plume head, generating high degrees of melting and overprinting any deeper derived pyroxenitic signature, and SIVZ sampling deeper derived pyroxenitic melts, possibly along the stem of the plume. A model like this is also supported by geophysical data, as was previously suggested by Shen *et al.* (2002) based on tomography studies.

Based on the combined trace elemental chemistry and $^3\text{He}/^4\text{He}$ ratios presented in **Fig. 1**, we can therefore propose the presence of at least four chemically distinct mantle components in the Icelandic mantle. These components are sampled to various degrees across the neo-volcanic zones and can be categorised as follows: 1) A lithological bimodal plume component with high $^3\text{He}/^4\text{He}$ ratios sampled mostly in ERZ and SIVZ; 2) a DMM type peridotite with MORB-like $^3\text{He}/^4\text{He}$ ratios sampled in NRZ; 3) an enriched peridotitic component with MORB-like $^3\text{He}/^4\text{He}$ ratios sampled in SNS and partially in WRZ; and 4) a peridotitic component with $^3\text{He}/^4\text{He}$ slightly below MORB sampled at ÖVZ.

Volume, morphology and petrology of the 1766-68 and 1845-46 eruptions of the Hekla volcano, Iceland

Rikke Vestergaard¹, Gro Birkefeldt Møller Pedersen² & Christian Tegner¹

¹ Department of Geoscience, Aarhus University

² Nordic Volcanological Center, Institute of Earth Sciences, University of Iceland, Sturlugata 7, 101 Reykjavík, Iceland

The Hekla volcano is one of the most active volcanic systems in Iceland and its historical eruptions have mainly been studied with tephra chronological studies, while very few studies have investigated the effusive phase of these eruptions. We aim to extend the understanding of the eruptive record at Hekla by studying some of the largest lava eruptions; the 1766-68 and 1845-46 eruptions, with the means of remote sensing (digital elevation models (DEM) and orthophotos) and petrology. The 1947-48 eruption is also included in the study as a benchmark, as this eruption already is extensively recorded and studied. The M.Sc. entails lava flow mapping, estimation of average thicknesses and volumes combined with historical records to unravel the emplacement history. Preliminary volume results from applying the planimetric method to estimate lava thicknesses, give a volume of 0,451 km³ for the 1845-46 lava flow field and 0,641 km³ for the 1766-68 lava flow field. Both have an uncertainty of 50%, which is due to the method being limited to only measure lava thicknesses at lava flow boundaries. Disregarding the uncertainty that comes with applying the method, it is the only method available that can give an indication of the lava thicknesses and thus lava volumes. In addition, this will be combined with a petrological aspect, which includes viscosity estimates, an analysis of the geochemical evolution of the lava flows during the eruption, in order to constrain the flow dynamics, magma composition and variability. Preliminary results show a variability of the SiO₂ content within the same eruption, respectively a SiO₂ wt% range of 54,9-57,8 wt% and 54,0-57,2 wt% for 1766-68 and 1845-46. Thus, a final outtake from this project will give an understanding of the effusive eruption behaviour and possible predicaments for future eruptions from Hekla and/or other volcanoes of similar behavioural patterns and petrology.

Er hættu á að stórt berghlaup geti fallið úr Svínafellsheiði fyrir ofan Svínafellsjökul í Öræfum?

Þorsteinn Sæmundsson^{1,4}, Jón Kristinn Helgason², Daniel Ben-Yehoshua³, Bergur H. Bergsson², Benedikt Ófeigsson², Eyjólfur Magnússon⁴, Ásta Rut Hjartardóttir⁴, Vincent Drouin^{4,5}, Joaquin Munoz Cobo Belart^{4,5}, Harpa Grímsdóttir², Gro Birkefeldt Møller Pedersen⁴, Finnur Pálsson⁴, Snævarr Guðmundsson⁶ & Halldór Geirsson⁴

¹ Land- og ferðamálafræði, Líf- og umhverfisvísindadeild Háskóla Íslands, Sturlugata 7, Reykjavík, (steinis@hi.is)

² Veðursatofa Íslands Bústaðarvegur 9, Reykjavík.

³ Svarmi, Árleyni 22, Reykjavík.

⁴ Jarðvísindastofnun, Háskóla Íslands, Askja, Reykjavík.

⁵ Landmælingar Íslands, Stílliholt 16-18, Akranes.

⁶ Náttúrustofa Suðausturlands, Litlubrú 2, Höfn, Hornafjörður.

Ein af augljósustu umhverfisbreytingum sem rekja má til hlýnunar loftlags á Íslandi á 20. og 21. öldinni eru hröð hörfun og þynning á skriðjökulum landsins. Afleiðingar þessara hröðu breytinga eru meðal annars óstöðugar hlíðar fyrir ofan skriðjökla og einnig myndun jökullóna framan við þá. Ef þessi þróun mun halda áfram eru líkur á því að stór skriðuföll geti fallið á skriðjökla og hugsanlega út í lón þeirra og orsakað skyndiflóð út lónunum (Glacial Lake Outburst Floods – GLOF).

Árið 2014 gengu smalamenn fram á um 115 m langa sprungu á Svínafellsheiði, ofan við Svínafellsjökul, vestan til í Öræfajökli. Sprungan er staðsett í um 850 m hæð, um 500 m ofan við yfirborð jökulsins. Árið 2016 fór rannsóknahópur á vegum Háskóla Íslands og kortlögðu og mældu sprunguna og settu niður fastpunkta sitt hvoru megin á sprungubarminn. Sprungan var ljósmynduð með flygildi árið 2016 og 2017 og landlíkan gert.

Um vorið 2018 uppgötvaðist mun lengri sprunga á nýjum loftmyndum frá árinu 2017 (Loftmyndir). Sprungan liggur skáhallt upp hlíðina nokkru neðan við efri sprunguna. Við nánari kortlagningu sumarið 2018 sést að hægt er að rekja þessar tvær sprungur saman og er því um að ræða eina sprungu með heildarlengd upp á um 1,7 km og má rekja hana frá yfirborði jökulsins í um 300 m hæð og upp í 850 m hæð. Lægri hluti sprungunnar er staðsettur um 1,5 til 3 km frá núverandi jökuljaðri og jökullóni. Gert er ráð fyrri að um 1 km² hlíðarinnar í Svínafellsheiði sé á hreyfingu og ef allt það svæði fellur í einum atburði þá má gera ráð fyrir að lágmarki 60 milljónir m³ af bergi geti hrunið niður.

Árið 2018 unni HÍ og Veðurstofan að því að koma fyrir mælitækjum svo sem gliðnunarmælum, GPS stöðvum og skjálftamælum umhverfis sprunguna og er svæðið nú vaktað 24/7 á náttúruvávakt Veðurstofunnar.

Í dag eru til 2 ára mælingar á gliðnun sprungunnar og sýna þær mælingar færslu upp á tæpa 3 cm á þessu tímabili. Gervihnattargögn (InSAR) sýna einnig fram á að greina má formbreytingu í hlíðinni.

Aldur sprungunnar er ekki þekktur en gera má ráð fyrir að hún hafi myndast einhver tíman á síðastliðnum 10-15 árum, en sprungan er ekki greinanleg á loftmyndum frá árinu 2003.

Ljóst er að ef allt efnið sem er á hreyfingu í hlíðinni fellur í einum atburði þá mun það vera eitt af stærstu berghlaupum sem fallið hafa á síðustu árbúsundum á Íslandi.